

Tillaga til 447. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 28. maí 2020

Tillaga frá 538. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 20. maí sl., um að bæjarstjórn heimili að hefja vinnu á nýju deiliskipulagi á opnu svæði við Seljalandsveg, breytingar fela í sér m.a. að opnu svæði verði breytt í íbúðarsvæði.

5. Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 - stækkun íbúðabyggðar - 2019110057

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 12. feb. sl., var tekið fyrir erindi frá Verkís f.h. Sævars Hjörvarssonar og Halldóru Þórðardóttur, þar sem óskað er eftir því við Ísafjarðarbæ, að opnu svæði milli Seljalandsveggar 78 og 84 verði breytt í íbúðarsvæði þ.e.a.s. að íbúðarsvæði Í4 verði stækkað vegna umsóknar um lóð og byggingaráform á reitnum.

Með hliðsjón af bókun nefndar og meðfylgjandi fylgigögnum. Er umsagnar Veðurstofu óskað m.t.t. ofanflóða á reitnum.

Með vísun í bókun nefndar:

Jóhann Birkir Helgason sækir heimild, f.h. Halldóru Þórðardóttur og Sævars Óla Hjörvarssonar, til þess að breyta Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 á svæðinu á milli Seljalandsveggar 78 og 84 og gerð deiliskipulags. Sótt er um að breyta landnotkun úr opnu svæði í íbúðarsvæði. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 27. des. sl.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til 29. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er það á ábyrgð sveitafélaga að annast vinnslu aðalskipulags.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Veðurstofu vegna ofanflóða á reitnum.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að hefja vinnu á nýju deiliskipulagi á opnu svæði við Seljalandsveg, breytingar fela í sér m.a. að opnu svæði verði breytt í íbúðarsvæði.